



Hulda Björk Garðarsdóttir sópran er fædd á Akureyri. Hún hóf söngnám sitt hjá Þuríði Baldursdóttur við Tónlistarskóla Eyjafjarðar. Þó nam hún við Söngskólann í Reykjavík, Hochschule der Künste í Berlín og The Royal Academy of Music í London. Þaðan lauk hún einsöngvaraprófi Dip. RAM árið 1998.

Hulda Björk debúteraði sem Súsanna við Garsington Opera í Englandi. Þá söng hún við Norsku óperuna í Osló hlutverk Jenufa í samnefndri óperu eftir Janacek, og nýverið var hún í hlutverki Anne Trulove við Malmö Opera í Svíþjóð.

Hulda Björk var í hópi fyrstu fastráðinna söngvara við Íslensku óperuna. Hún hefur sungið fjölda óperuhlutverka hér heima og erlendis, og má þar nefna Violetta Valery í *La traviata* eftir Verdi, Súsanna í *Brúðkaupi Fígarós* eftir Mozart, Governess í *Tökin hert* eftir Britten, Micaela í *Carmen* eftir Bizet, Una í *Hel* eftir Sigurð Sævarsson, Fiordiligi í *Così fan tutte* eftir Mozart, Euridice í *Orfeo ed Euridice* eftir Gluck, Madama Butterfly úr samnefndri óperu eftir Puccini, Danae úr *Die Liebe der Danae* eftir R. Strauss, Joanna í *Sweeney Todd* eftir Sondheim og Anne Trulove í *The Rake's Progress* eftir Stravinsky. Fyrir þann flutning hlaut hún tilnefningu Grímuverðlaunanna 2007 sem söngvari ársins.

Hulda Björk hefur sungið fjölda tónleika utan og hér heima. Hún hefur komið fram með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, Kammersveitinni Ísafold, Salonhljómsveit Sigurðar I. Snorrasonar og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þá hefur sungið einsöng með helstu kórum landsins í verkum eins og Elisha eftir Mendelssohn, Messías eftir Händel, Petite Solennelle eftir Rossini, Mozart Requiem og Brahms Requiem.

Hulda Björk hefur sungið inná geislaplötturnar *Íslands minni* – ljóð Jónasar Hallgrímssonar við lög Atla Heimis, *Elijah* - eftir Mendelssohn með Kristni Sigmundssyni og Óperukórnum, *Vorperla* - ásamt Daníel Þorsteinssyni píanóleikara lög Garðars Karlssonar og *Svanasöngur á heiði* - ásamt Jónasi Ingimundarsyni með lögum Sigvalda Kaldalóns.